

Samfélagsumræðan:

Hefur hrunið aukið félagslegan jöfnuð?

Pröstur Haraldsson og Halldór S. Guðmundsson



Pröstur
Haraldsson,
blaðamaður



Halldór S.
Guðmundsson,
lektor við félagsráð-
gjafadeild HÍ

Í nýlegu hefti breska vikuritsins *The Economist* var spurt hvort aukið misrétti hvað varðar kjör og lífs-skilyrði manna hafi átt sinn þátt í efnahagshruninu sem skók heiminn haustið 2008. Tilefnið var það að meðal fræðimanna hefur frekari stoðum verið rennt undir þá kenningu að aukið efnahagslegt og félagslegt misrétti eigi sök á ýmsum þeim meinum sem hrjámannfólk. Tíl dæmis hafa tveir hagfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Michael Kumhof og Romain Rancière, sett fram þær kenningar að vaxandi ójöfnuður í Bandaríkjunum allt frá árinu 1980 hafi komið kreppunni af stað haustið 2008. Þeir vísa til þess að dregið hafi úr kaupmætti almennra launa jafnt og þétt en að auður hinna ríkustu hafi aukist og hann lánaður almenningi, ekki síst til kaupa á húsnæði. Æ stærri hópur varð því skuldum vafinn og þurfti að leita á náðir hins opinbera um framfærslu, því jafnvel þótt fólk hefði atvinnu nægðu tekjurnar ekki lengur fyrir afborgunum og öðrum nauðþurftum. Viðbrögð ríkisins voru þau að bjarga fólk frá gjaldþrotri en að lokum sprakk bólán og kreppa skall á.

Samanburður milli landa

En misskipting lífsgæða á sér fleiri skuggahlíðar. Breskur félagsví sindamaður, Richard Wilkinson, flutti erindi hér á landi sl. haust en hann hefur ásamt samstarfskonu sinni, Kate E. Pickett faraldsfræðingi, ritað bókina *The Spirit Level: Why Equality is Better for Everyone (Hallamálið: Hvers vegna jöfnuður er öllum fyrir bestu)* um vaxandi ójöfnuð og afleiðingar

hans fyrir auðug vestræn samfélög. Þau hafa rýnt í riflega 170 rannsóknir og telja sig geta staðhæft að ójöfnuður valdi ekki bara aukinni fátaðt heldur eigi hann þátt í skertri lýðheilsu, t.d. útbreiðslu geðsjúkdóma, offitu, fíkniefnaneyslu og almennri vanliðan í samféluginu. Niðurstaða þeirra er sú að hin auðugu ríki Vesturlanda hafi enga þörf fyrir aukinn hagyött því að hann auki hvorki langlíf, heilsu né hamingju fólks. Það sem geti aukið velferð og almenna velliðan íbúa iðnríkjanna sé aukinn jöfnuður. Í bókinni bera þau saman rúmlega 20 auðug ríki og raða þeim upp eftir jöfnuði og fylgni hans við ýmis félagsleg og heilsufarsleg vandamál. Niðurstöðurnar eru ótvíraðar, þær sýna að vandamálin verða meiri eftir því sem ójöfnuður eykst: ævin er styttri, fíkniefnaneysla vex, tíðni geðsjúkdóma eykst, glæpum fjölgar og ofsbeldi fer vaxandi, liðan barna verður verri og barnsfæðingum mæðra á táningsaldri fjölgar.

Fram kemur að í þeim ríkjum þar sem jöfnuður er meiri, er menntun barna betur sinnt en þar sem ójöfnuður ríkir, þessi ríki láta sig varða umhverfisvernd, takast frekar á við gróðurhúsaáhrifin og leggja meira af mörkum til þróunaraðstoðar en önnur ríki. Þau ríki sem bjuggu við mestan jöfnuð voru Norðurlönd (Ísland er ekki talið þar með), Holland og Japan, en ójöfnuðurinn var einna mestur í Bretlandi, Bandaríkjunum, Portúgal og Singapúr.

Hvernig er jöfnuður mældur?

Jöfnuð er hægt að mæla með ýmsu móti. Algengustu kvarðarnir sem notaðir eru í því skyni eru tveir. Annars vegar Gini-stuðullinn sem mælir jöfnuð í tekjum á kvarðanum 0–100 þar sem 0 jafngildir því að allir hafi sömu laun en 100 að einn maður fái öll launin. Á þessum kvarða eru þau ríki í úrtakinu þar sem mestur jöfnuður ríkir með stuðulinn 23–25 en 40–50 þar sem hann er minnstur. Hins vegar er svonefndur fimmtungastuðull þar sem þegunum er skipt í fimm hluta eftir tekjum og mælt hversu miklu hærri tekjur hæsti fimmtungurinn hefur en sá lægsti. Þar eru jafnaðarríkin með hlutfallið 3–4 á móti 1 en



í löndum á borð við Bretland, Bandaríkin, Portúgal og Singapúr er ríkasti fimm tungurinn með 7–10 sinnum hærri tekjur en sá fátækasti. Pau Wilkinson og Pickett hafa einnig sett saman stuðul sem mælir til ómissa heilbrigðis- og félagslegra vandamála og reikna síðan út fylgnina og mun á milli landa, sbr. dæmin hér á eftir.

Heilsufar, ofbeldi og neysla

Líkamlegt heilsufar fólks er misjafnt og hægt að mæla í þáttum eins og lífslíkum, barnadauða og fæðingarþyngd auk kannana þar sem fólk er spurt um líðan sína. Niðurstöður höfunda sýna að líkamleg vanlíðan fólks er meiri þar sem jöfnuður er minni og ofugt.

Samanburður á *geðheilsu* er erfiðari en byggt er á skrá um geðsjúkdóma á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í nokkrum iðnríkjanna. Munurinn er mikill; þannig hafa 5–10% íbúa sumra ríkja þjáðst af geðkvíllum, en í Bandaríkjunum er þetta hlutfall yfir 25%.

Velferð barna og félagslegur hreyfanleiki

Þar sem ójöfnuður er meiri eru meiri líkur á að börn hætti ung í skóla og frammistaða þeirra í lestri og stærðfræði er lakari en barna í samfélögum þar sem jöfnuður mælist meiri.

Í Bandaríkjunum eru rúmlega tíu sinnum meiri líkur á því að *unglingsstúlkur* á aldrinum 15–19 ára eignist barn en í Japan. Þessi þróun helst í hendur við þá staðreynnd að *félagslegur hreyfanleiki* er meiri í ríkjum þar sem jöfnuður ríkir. Það var mælt á þann veg að athugað var hversu algengt væri að börn fátækra foreldra næðu árangri og yrðu auðugri en foreldrar þeirra. Fram kom að dregið hefði úr slíkum hreyfanleika í Bretlandi og Bandaríkjunum með vaxandi tekjumun.

Traustið

Afdrifaríkasti fylgifiskur alls þessa misréttis er sá að eftir því sem ójöfnuður eykst *dregur úr trausti* í samskiptum fólks. Traustið er fyrsta fórnarlamb ójafnaðar. Þegar fólk er spurt hvort það treysti öðrum ráðast svörin af því hvort fólk býr í samfélagi jafnaðar eða ekki. Mesta traustið mælist á Norðurlöndum og í Hollandi. Þegar það dvínar dregur úr þátttöku borgaranna í félagslifi, fjarlægð í samskiptum eykst, vinir verða færri en ofbeldi algengara. Óþryggi og álag vex og þeir sem verða helst fyrir barðinu á því eru þeir sem minna mega sín. Samkeppni eykst og æ erfiðara verður fyrir þá fátækari að halda stöðu

sinni gagnvart öðrum hópum. Með auknu álagi eykst streita og hún er víasta leiðin til þess að fólk veikist, og á það bæði við um líkamleg og andleg veikindi.

Aukinn jöfnuður betri fyrir alla

Þegar horft er á málin frá þessum sjónarhóli blasir við að svarið við þessari þróun er ekki það að auka hagyöxt. Auknar þjóðartekjur renna ekki í sama mæli í vasa þegnanna nema eitthvað sé gert til að stuðla að auknum jöfnuði. Wilkinson og Pickett halda því fram að jöfnuður komi ekki einungis þeim fátækari til góða: „Mikill meirihluti íbúa í samfélögum þar sem jöfnuður er meiri nýtur meiri velsældar en íbúar almennt njóta í löndum sem einkennast af ójöfnuði. Jafnvel vel menntað millistéttarfólk með góðar tekjur í samfélögum jafnaðar er líklegra til að lifa lengur, taka meiri þátt í nærsamfélagi sínu og verða síður fórnarlömb ofbeldis. Börnum þessa fólks mun ganga betur í skólam, þau ánetjast síður vímuefnum og eiga síður börn á unglingsaldri.“

Hvað með Ísland?

Hvernig skyldi þróunin hafa verið hér á landi undanfarin ár? Hagstofa Íslands hefur frá árinu 2004 gefið út tölfraði um lágtekjumörk og tekjudreifingu eins og það heitir á máli stofnunarinnar. Í nýjustu útgáfunni frá því í mars 2012 kemur fram að viðsnúningur hefur orðið eftir efnahagshrunið haustið 2008. Þeir tveir kvarðar, sem um er rætt í greininni, sýna þróun í átt til aukins ójafnaðar frá árinu 2004 til 2009 (tekjur áranna 2003–2008 þar sem byggt er á tekjum ársins á undan). Gini-stuðullinn hækkar úr 24,1 í 29,6 á fimm árum og Ísland komið fram úr öðrum Norðurlöndum hvað ójöfnuð varðar. Sama mynd blasir við í fimmungahlutfallinu, en ríkustu 20 prósentin höfðu 3,4 sinnum meira úr að spila en þeir fátækustu árið 2004 og það hlutfall jókst í 4,2 árið 2009. Á báðum mælikvörðum jókst ójöfnuðurinn yfir 20% á þessum fimm árum. Eftir hrún hefur þetta snúist við og árið 2011 eru báðir kvarðarnir orðnir lægri en þegar mælingar hófust árið 2004. Nú er Ísland á sama stað og Noregur var árið á undan en þá sýndi Gini-stuðullinn mestan jöfnuð í heimi hjá Norðmönnum (sjá nánar á Hagstofa Íslands, Hagtíðindi 97. árg. 11. tbl. Laun, tekjur og vinnumarkaður 2012: 5. Útg. 26. mars 2012).

Hagstofan tekur þátt í evrópskum samanburði á þróun tekna skv. skattskrám ársins á undan. Lág-

tekjumörk miðast við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu eða 153.600 kr. á mánuði fyrir einstakling og 322.500 kr. fyrir hjón með tvö börn. Hlutfall þeirra sem mælast undir þessum við-miðunarmörkum er 9,3% árið 2011 sem er hið lægsta sem mælst hefur.

Brautskráningarhlutfall nýnema í framhaldsskóla á Íslandi lægra en í flestum OECD-löndum Hagstofa Íslands birti nýlega upplýsingar þess efnis að færri nýnemar á Íslandi lykju framhaldsskóla á réttum tíma en í flestum OECD-ríkjum. Hér á landi höfðu 44% nýnema brautskráðst innan fjögurra ára frá upphafi náms árið 2003. Tveimur árum síðar höfðu 58% nýnema brautskráðst og er Ísland þar í neðsta sæti þeirra 11 OECD-ríkja sem sýndu sambærilegar tölur.

Haustið 2003 voru 4328 nýnemar í dagskóla á framhaldsskólastigi á Íslandi. Fjórum árum síðar höfðu eins og áður segir 44% nýnemanna verið braut-

skráðir úr námi á framhaldsskólastigi sem var að minnsta kosti tvö ár að lengd. Um 30% nýnemanna höfðu þá hætt námi eða tekið sér tímabundið hlé án þess að vera brautskráðir en 26% voru enn í námi án þess að hafa brautskráðst. Þetta eru mjög svipaðar tölur og árið áður. Að meðaltali höfðu 68% nýnema á framhaldsskólastigi í löndum OECD brautskráðst á réttum tíma. Tveimur árum eftir að námi átti að vera lokið hafði hlutfall brautskráðra hækkað í 81%. Þess skal getið að framhaldsskólanám er mislangt í OECD-ríkjunum. Algengt er að það sé þvíjú ár, en í sumum löndum er það tvö ár, í öðrum fjögur ár eins og á Íslandi. Þá eru nemendur á Íslandi eldri en í flestum öðrum OECD-löndum þegar þeir ljúka framhaldsskóla á réttum tíma. Að meðaltali ljúka 73% kvenna og 63% karla námi á réttum tíma en á Íslandi er meiri munur á milli kynjanna, þar sem 52% kvenna og 36% karla brautskráðust innan tímamarka.

Þá er algengara í OECD-löndunum að nemendur

Viðbrögð félagsráðgjafa á vettvangi

Leitað var eftir viðbrögðum fjögurra félagsráðgjafa á vettvangi við umfjöllunarefni greinarinnar hér á undan.

Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri rannsókna og þjónustumats hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar

„Ungt fólk má ekki enda á örorku“



Þessi umræða er nauðsynleg, sérstaklega það sem snýr að íslenskum veruleika og löngu tímabært að ræða hvernig jófnuður og ójófnuður tengist velferðarþjónustunni. Ég tel reyndar að samfélagsleg umræða á þessum nótum þurfi að ná enn lengra, ekki síst hvað varðar öll skólastigin, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Reynsla og athuganir meðal einstaklinga sem njóta fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar, sýna að hjá nemendum er iðulega fjölpættur vandi á ferð, líkamlegur vandi, geðrænir erfiðleikar eða áfengis- og vímuefnavandi. Það sést líka gjarnan meðal langtímanotenda hjá okkur þar sem við sjáum það sem stundum er kallað félagslegur

arfur, en í þeirri umfjöllun skortir einmitt áherslu á félagslegan hreyfanleika til að rjúfa vítahringi. Úrræðin hafa einkum snúist um menntun, en erfiðleikar notendanna eru stundum svo miklir að þeir ná ekki að nýta sér þau og þurfa lengri tíma og endurhæfingu. Sama má sjá í barnaverndinni, að vandi einstaklinga á sér langan aðdraganda. Velferðarþjónustan þarf að bæta sig á þessu svíði, samhæfa og ræða hvernig megi aðstoða miklu fyrir. Það er einstaklingum og samfélaginu í heild fyrir bestu og getur komið í veg fyrir að ungt fólk endi sem öryrkjar í framtíðinni.

Sigrún Harðardóttir, félagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi við Menntaskólanum á Egilsstöðum

„Ójöfnuðurinn birtist í brottfalli í skólakerfinu“



Það er brýnt að fagfólk haldi vöku sinni varðandi ójöfnuð í samfélaginu. Ójöfnuður og hvernig hann birtist í brottfalli úr skólakerfinu er áhyggjuefni. Eitt af markmiðum laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 var að bregðast við brottfalli m.a. með aukinni náms- og starfsráðgjöf ásamt



ljúki almennu bóknámi á réttum tíma en starfsnámi. Á Íslandi er svo til enginn munur á milli hlutfalls nemenda í bóknámi og starfsnámi sem ljúka námi á réttum tíma (Hagstofa Íslands, fréttatilkynning nr. 67/2012).

Atvinnuleysi 16–24 ára – fyrir og eftir hrun

Á morgunverðarfundi „Náum áttum“, 21. mars 2012, var umfjöllunarefnið *Velferð barna, þremur árum síðar. Hvað segja lykiltölur um stöðuna í dag?* Meðal þess sem fram kom í erindi Halldórs S. Guðmundssonar, lektors við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, var að atvinnuleysi yngsta hópsins (16–24 ára) mælist um 9–19,9% á árunum 2008–2011. Það hlutfall er mun hærra en atvinnuleysi almennt sem var 3–7,6% fyrir sömu ár. Ef litið er aftur til ársins 2003 samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands, má sjá að atvinnuleysi meðal 16–24 ára hópsins hefur verið hlutfallslega mun hærra en skráð atvinnuleysi öll árin fram að hruni.

öflugri stuðningi við nemendur með sérþarfir. Ég óttast þó að ekki verði miklar breytingar á næstunni því framhaldsskólar sæta síauknum kröfum um hagrædingu í rekstri og samtímis er ekki gert ráð fyrir viðþótarfjármagni fyrir aukinni þjónustu við nemendur. Möguleikar fyrir skólafelagsráðgjafa til að vinna að samstilltu átaki með velferðarþjónustunni eru því takmarkaðir, bæði til að sinna forvörnum og aðstoð við nemendur í vanda. Upplýsingarnar í þessari grein ættu að hvetja til frekara átaks í þessum málum, ekki síst þegar horft er til reynslu og ráðlegginga Finna um að hlúa sérstaklega að unga fólkini og vinna gegn brottfalli úr skóla með skilvirku inngrípi fagfólks.

Eymundur G. Hannesson og Dögg Hilmarsdóttir, félagsráðgjafar, Þjónustumiðstöð Breiðholts

„Þörf á fjölbreyttum stuðningi í húsnæðismálum“



Reynsla okkar sem mætum notendum þjónustu sveitarfélaga daglega er sú að þrengst hefur í búi hjá þeim hópi sem lægstar tekjur hefur. Greinilega er erfiðara að ná endum saman og greiða fyrir nauðsynlegustu grunnþarfir daglegs lífs. Til

Sú staðreynnd að brottfall úr framhaldsskólum hefur verið hátt í samanburði við aðrar þjóðir helst í hendur við 2–3 sinnum meira atvinnuleysi hjá þeim aldurshópi. Þetta er ekki tilkomið sem sérstakt fyrirbæri í íslensku samfélagi eftir 2008. Þessi staða var uppi allmögum árum fyrir hrun eins og sést í gögnum Hagstofu Íslands sem sýnd eru í töflunni hér að neðan.

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
|------------------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| Karlar 16-24 ára | 9,5 | 9,3 | 8,5 | 8,9 | 8 | 9 | 19,9 | 18,4 | 18,4 |
| Konur 16-24 ára | 7 | 6,8 | 6 | 7,6 | 6,3 | 7,5 | 12 | 14,1 | 10,7 |
| Atvl. Alls | 3,4 | 3,1 | 2,6 | 2,9 | 2,3 | 3 | 7,2 | 7,6 | 7,1 |

Segja má að efnahagshrunið 2008 hafi beint athyglinni að málefnum ungs fólks og kallað á nýja aðgerðapróun. Atvinnuleysistryggingasjóður og fleiri aðilar hafa hrundið af stað úrræðum sem virðast skila árangri í hlutfallslega minna brottfalli en verið hefur á framhaldsskólastigi.



dæmis hefur húsnæðiskostnaður sveiflast tölvert eftir hrunið 2008, en það vegur þungt í daglegri afkomu einstaklinga. Velferðarkerfið hefur ekki brugðist við þessu með fjölbreyttum stuðningi við leigjendur og hefur það leitt til erfiðleika fyrir þá lægst launuðu, hvort sem þeir þiggja framfærslu frá ríki eða sveitarfélagi eða lægstu laun á vinnumarkaði.

„Aðgerðir til að auka virkni ungs fólks“

Eymundur og Dögg: Í starfi okkar er aukin áhersla á að styðja 16–24 ára ungmanni til náms eða raunhæfrar atvinnuleitar. Þar sem atvinnuleysi er almennt hærra hjá þessum aldurshópi, og svo var líka löngu fyrir hrun, og ungir atvinnuleitendur oft með litla eða enga reynslu á vinnumarkaði og litla kunnáttu í atvinnuleit, þarf hann meiri stuðning en aðrir hópar. Ungmenni verða að koma í viðtal áður en fjárhagsleg aðstoð er veitt, en það er til þess að tryggja að staða hans sé metin og strax leitað leiða til að auka virkni. Dæmi um fjölgun úrræða eru námskeið á vegum Reykjavíkurborgar og Atvinnutorg, en allt er þetta jákvæð viðbrögð til þess að mæta þörfum og koma í veg fyrir vanvirkni.